

## 136. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 14. febrúar 2011, kl. 20:00 , á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Einnig sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsson skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.  
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 28.01.2011.  
Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Bókhlöðustíg nr. 5, 8, 9 , 10 og fyrir Skólastíg 14 og Silfurgötu nr. 15 efstu hæð þegar að fyrir liggja fullunnar teikningar.
2. Tangagata 5, stækkun á lóð, breyting á aðkomu og fjölgun bílastæða.  
Gústaf G. Ómarsson og Jóhanna Esjarsdóttir sækja um að stækka lóð Tangagötu 5 niður að Ægisgötu, ennfremur að aðkoma að húsi og bílastæði fyrir eigendum húsa við Ægisgötu nr. 5,6,7,8,9,10,11 og nr. 13. Athugasemdir bárust frá öllum húseigendum ofangreindra húsa samtals 16 undirskriftir, dags. 12.01.2011 og 26.01.2011.  
Nefndin samþykkir stækkun á lóð sem nemur 4 m breiðri aðkomu frá Ægisgötu og ennfremur lóðarstækkun að fyrirhuguðum gestabílastæðum.
3. Stykkishólmshöfn, framkvæmdaleyfi fyrir flotbryggju.  
Hrannar Pétursson sækir um f.h. Stykkishólmshafnar leyfi til setja flotbryggju og landstólpa í Stykkishólmshöfn, sbr. bréf dags. 11.02.2011 og teikningu frá Siglingastofnun dags. jan. 2011.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals:
4. Gildistaka mannvirkjalaga. Bréf frá umhverfisráðuneytinu dags. 31.01.2011.  
Í bréfinu er m.a. getið á um þær breytingar er urðu við gildistöku laganna má nefna að ný stofnun Mannvirkjastofnun hefur tekið við lögbundnu hlutverki Brunamálastofnunnar sem hefur verið lögð niður. Einnig er vakin athygli sveitarfélaga á ákvæðum nýrra laga varðandi störf byggingarfulltrúa og bygginganefnda. Eftir gildistöku laganna þarf sérstaka samþykkt sveitarfélags um störf byggingarnefndar sem staðfest skal af umhverfisráðherra ef sú ákvörðun er tekin að byggingarnefnd skuli vera í sveitarfálaginu.  
Bréf lagt fram.

5. Skipulagsslög nr. 123/2010.  
Lögð fram nýju skipulagsslögin er tóku gildi 1. janúar 2011.
  
6. Kynningarfundur um skipulags- og byggingarlög.  
Lagður fram tölvupóstur frá SSV/ Hrefnu B. Jónsdótturdags. 10.02.´11 um að mannvirkjastofnun og umhverfisráðuneytið verði með kynningarfund um ný skipulagsslög og mannvirkjalög, og drög að nýjum reglugerðum tengdum þeim. Fundurinn verður haldinn í Menntaskólanum í Borgarnesi föstudaginn 25. febrúar kl. 13 – 16.
  
7. Önnur mál.
  - 7a. Þorbergur greindi frá að búið er að fjarlægja gáma sem slökkviliðið hefur haft undir höndum við Ögursafleggjara.
  
  - 7b. Hermundur greindi frá að hafinn væri vinna við tillögur að rútubílastæðum í bænum.

Fundi slitið kl. 21:45.

B.V.